

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/743*  
*komudagur 4.12.2007*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 3. des. 2007

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar þau sex þingmál Alþingis sem félaginu hafa borist til umsagnar. Viðbrögð stjórnar PÍ eru sem hér segir:

**1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 141/2003 um eftirlaun æðstu embættismanna, 155. mál**

Stjórn PÍ styður frumvarpið heilshugar og telur eðilegt að um þessa hópa æðstu embættismanna gildi sömu reglur um lífeyrisréttindi og hjá ríkisstarfsmönnum almennt.

**2. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum o. fl., 149. mál**

Stjórn PÍ vísar í umsögn sína frá nóv. 2005 um breytingu á barnalögum:

„Stjórn PÍ er hlynnt því fyrirkomulagi að sameiginlegt forræði sé meginregla en bendir jafnframt á nauðsyn þess að veita foreldrum fræðslu um hvað í sameiginlegu forræði felst og fylgja þeim og börnunum betur eftir með það að leiðarljósi að sameiginlega forræðið gangi upp og hagur og velferð barnanna sé í fyrirrúmi.“

Stjórn PÍ styður 149. mál á yfirstandandi þingi að því tilskildu að allar breytingar á lögum styrki stöðu barnanna sem um ræðir. Ákvæði um sameiginlegt forræði, jafna umgengni og tvöfalt lögheimili mega hvorki ýta undir rótleysi né vera á kostnað þess öryggis sem hverju barni er nauðsynlegt í uppvextinum.

**3. Tillaga til þingsályktunar um lögfestingu samniugs Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 7. mál**

Stjórn PÍ styður tillöguna og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

X **4. Frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 46. mál**

Stjórn PÍ er andsnúin þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu og telur fullkomlega eðlilegt að þeir, sem njóta góðs af störfum stéttarfélags, greiði þangað sanngjarnt þjónustugjald þótt þeir kjósi að eiga ekki aðild að félaginu.

**5. Frumvarp til laga um réttindi samkynhneigðra, 18. mál**


Um þetta mál eru mjög skiptar skoðanir meðal presta eins og fram hefur komið í opinberri umræðu, sem og á prestastefnu og kirkjuþingi 2007. Innan stjórnar PÍ eru mjög mismunandi skoðanir í málinu.

**6. Frumvarp til laga um kjararáð, 237. mál**

Stjórn PÍ lætur nægja að vísa í umsögn sína frá vori 2006 þegar samþykkt voru núgildandi lög um kjararáð:

„Þá staldrar stjórn PÍ við ákvæði 5. gr. um að kjararáð eigi sjálft að ákveða hverjum það úrskurðar laun. Vandséð er hvernig þetta er framkvæmanlegt og á grundvelli hvaða forsendna kjararáð ætti að fækka þeim sem undir það heyra frá því sem nú er og álitamál hvort ekki ætti að telja upp í lagatexta þá aðila sem eiga að heyra undir kjararáð - að því undanskildu að einhverjir þeirra kjósi frekar samningsrétt.“

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,



sr. Ólafur Jóhannsson, formaður